

1863.

10. marzm.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um útásetningar við reikninga kirkjunnar á Ingjaldshóli.

Það dómsmálastjórnin hefir furðað sig á að sjá af 3. útásetningagrein við reikning Ingjaldshóls kirkju fyrir fardagaárið 1857—1858 og 1. útásetningagrein við reikning kirkjunnar fyrir fardagaárið 1858—1859, fyrir hversu hátt verð S. Jacobsen snikkari, sem þá var fjárhaldsmaður hennar, hefir keypt nauðsynjar hennar, þá þykir stjórnarráðinu við eiga að skora hérmeð á yður, herra amtmaður, að skýra þeim manni, sem nú er fjárhaldsmaður kirkjunnar, frá þessu og bjóða honum að láta sér framvegis vera annst um að fá það, sem kirkjan þarf á að halda, fyrir svo gott verð, sem unnt er.

10. marzm.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið 1863—64.

Með bréfi þessu er yður, herra stiptamtmaður, sent eitt exemplar af fjárlögnum fyrir fjárhagsárið 1863—64, er út komu 29. desemberm. f. á., ásamt athugasemdunum við frumvarpið til laga þessara, og eptirriti af fylgiskjali, er þartil heyrir, að svo miklu leyti það snertir Ísland; einnig fylgir hér með eitt exemplar af lögum 19. janúarm. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.

Um þetta efni skal nú yfir höfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. aprílm. 1851, þannig: að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu bréfi 31. maím. 1855, 1. grein, án þess nokkra sérstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina og án þess

tekið sé til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærri eður lægri en áður hefir verið; 1863.
10. marzm.
að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalféhirzlu ríkisins, þá verður ekki annað ávísað en það, sem eptir áður sögðu er komið í gjalddaga þá er embættismaður æskir borgunarið. Landfógeti verður og ávallt að hafað ritað á launaávisanir þessar, að þær hafi verið honum sýndar og að hann hafi bókað þær.

Um leið og þær, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunn-
gjöra hlutaðeigendum það, er með þarf, samkvæmt því, sem að ofan er sagt, getur stjórnarráðið þess, að fyrsti meðdómandi í landsyfírréttinum framvegis á að halda þeim 250 rdl. á ári, sem hann að undanfögnu hefir fengið úr dómsmálasjóðnum, með því þetta fè er borgun fyrir starfa, sem ekki er embættis-
verk hans, en þar á móti falla burtu þeir 50 rdl. á ári, sem annar meðdómandi í landsyfírréttinum hingað til hefir fengið úr sama sjóði, þaræð sjóður þessi ekki er ætlaður til að borga úr honum slík laun, og fè þetta upphaflega var veitt til að bæta fyrst um sinn laun embættismannsins þangað til skipulagi yrði á þau komið.

Að endingu skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um þetta málefni og einnig hinum amt-
mönnum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættis-
menn þá, er búa í umdæmum þeirra.

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 10. marzm. vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Jónínu Jóns- dóttur.

Í skjali nokkru, er hingað barst með bréfi yðar, herra
amtmaður, dagsettu 11. ágúst. f. á., hafa sveitarforstjórnir
í Barðastrandar hrepp í Barðastrandar sýslu borið sig upp
undan úrskurði amtsins 20. októberm. 1860, er ákvað, að stúlkan
Jónína Jónsdóttir ætti framfærslurétt í hrepp þessum; hældu
þeir, að hún ætti framfærslurétt í Flateyjar hrepp, þar sem